

31. stjórnarfundur Alnæmisbarna, 5. janúar 2006

Haldinn fimmtudaginn 5. janúar 2005 í skrifstofuhúsnæði Alþingis í Austurstræti.

Mætt: Benedikt Steingrímsson, Helga Tulinius, Hildur Gestsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gestur Gíslason og Bjarni Reykr Kristjánsson sem ritaði fundargerð.

Nýjustu fréttir frá CLF.

Gestur talaði við Rósette: Það hafði gengið vel, selst vel af kertum og halda átti jólagleðskap. Langt frí stendur nú yfir en CLF er samt opið.

Hildur var búin að senda Rosette bréf og bað um upplýsingar um hverjar voru að klára skólann. Sumar þeirra sem eru í ársnámi eru að klára núna. Við þurfum að fá einhvers konar yfirlit frá Rósette. Fjöldi nú er 29, starfsmenn og stelpur.

Hugsanleg ferð stjórnarmanna til Kampala

Einhverjir verða að fara, 1 eða 2. Ekki enn ákveðið hverjir fara.

Gulli til Kampala

Gulli fer til Kampala í vinnuferð á vegum fyrirtækis hans þann 10.-15. janúar.

MA nemi í mannfræði

Sigríður Baldursdóttir MA nemi í mannfræði. Hefur hugsað sér að gera einhvers konar verkefni í CLF í Kampala. Er að hugsa um að fara í mars-apríl. Hún er í MA námi í Stokkhólmi. Hún er á landinu núna en fer 12. janúar.

Fjáröflun

Hagar, skaffa vax til kertagerðarinnar. Reyna að fá undanþágu frá innflutningstollum sem NGO.

Fjármál

Allir peningar komnir út sem þurftu að fara út fyrir áramót.

Þórunn tilkynnir að hún ætli að hætta í stjórninni á næsta aðalfundi.

Næsti fundur er áformaður í hádeginu þann 17. janúar.

Bjarni Reykr Kristjánsson ritaði fundargerð.